

Ábyrgð og framkvæmd

1. Skoðunarmaður (skm) skoðar fyrri skýrslur, aflar sér upplýsinga um samskiptaaðila og starfsemi stofu í málakerfi MAST. Skm kynnir sér síðustu árlegu skýrslu til MAST, nýleg samskipti við stofuna vegna mála sem hafa verið í gangi, undanþágubeiðnir frá vottuðum aðilum sem eru viðskiptamenn stofunnar og erindi sem hafa borist frá bæði þeim og stofunni sjálfri. Skoða þarf bæði undanþágubeiðnir með umsóknanúmer 4.40 og 4.41 í þjónustugátt (og vistaðar eru í málakerfi) og almenn mál tengd stofunni.

2. Skoðun er framkvæmd í samræmi við gátlista GAT-059 um eftirlitskröfur í reglugerðum EB nr. 834/2007 og 889/2008 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara.

Farið er yfir athugasemdir úr fyrri skoðunum, bæði frávik og alvarleg frávik og athugað hvort bætt hafi verið úr eða komið í ferli.

Ef aðstæður eru þannig að grípa þurfi til aðgerða strax er haft samband við lögfræðing á Samhæfingu og unnið samkvæmt samningi við Stofuna og ákvæðum laga nr. 162/1994.

3. Skýrsla er send í t-pósti strax að lokinni úttekt. Ef ræða þarf niðurstöður skoðunar við teymi / næsta yfirmann er skýrslu haldið opinni og tekin skal afstaða til vafaatriða í síðasta lagi innan 7 virkra daga eftir að skoðun fór fram.

4. Sé um eftirfylgni að ræða kemur áætluð dagsetning eftirfylgniskoðunar fram á skýrslu.

Ef tilmælum um lagfæringu á athugasemdum er ekki sinnt er stuðst við samning milli aðila og málið unnið áfram í samvinnu við lögfræðing Samhæfingar.

5. Lögfræðingur Samhæfingar vinnur að málinu í samræmi við ákvæði samnings milli vottaðs aðila og MAST.